

51. Stjórnarfundur Nýheima 16. júní 2015 kl. 8:30

Fundarstjórn: Helga Árnadóttir

Ritari: Fanney Björg Sveinsdóttir

Mætt: Kristín Hermannsdóttir, Zophonías Torfason, Nína Síbyl Birgisdóttir, Olga Ingólfssdóttir, Helga Árnadóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Davíð Arnar Stefánsson, Vilhjálmur Magnússon, Vala Björg Garðarsdóttir og Fanney Björg Sveinsdóttir

Forfölluð: Hrafnkell Guðnason og Þorvarður Árnason

Snertifletir við samfélagið í Hornafirði

Létt spurningakönnun lögð fyrir fundinn þar sem fundarmenn skoðuðu áþreifanlega snertifleti stofnana í Nýheimum í nokkrum málaflokkum við samfélagið.

Davíð vinnur úr og greinir. Framhald í ágúst.

Skipun verkefnahóps um Lýðræðisvitund og Valdeflingu ungmenna. Davíð óskar eftir tilnefningum.

Í tengslum við styrkinn sem fékkst frá Byggðarannsóknasjóði er óskað eftir að skipa í faghóp og virkja þannig stjórnan Nýheima og efla tengslin. Ragnhildur Jónsdóttir bauð sig fram og stakk upp á því að fá aðila úr til dæmis FAS eða Heppuskóla. Zophonías lagði til Kristján Örn Ebenezarson, íþróttakennara í FAS, og ætlað að heyra í honum. Í hópnum væru þá: Davíð Arnar Stefánsson, Margrét Gaua Magnúsdóttir, Hugrún Harpa Reynisdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir og mögulega Kristján Örn Ebenezarson.

Davíð kallar hópinn saman.

Aðstaða fyrir frumkvöðla í Nýheimum. Framhald umræðu frá síðasta fundi.

Rætt um möguleikann á að setja bása fyrir frumkvöðla í sameiginlega rýminu á Háskólaganginum. Einnig rætt um frekari markaðssetningu á þjónustu og aðstöðu fyrir frumkvöðla í Nýheimum.

Sett saman teymi um að gera verkferil og ályktun um þetta: Árdís Erna Halldórsdóttir, atvinnu- og ferðamálafulltrúi, verður spurð, Fanney Björg Sveinsdóttir bauð sig fram ásamt Vilhjálmi Magnússyni.

Davíð kallar hóp saman.

Sjóðir hafna verkefnahugmyndum frá NÞ – Davíð og Kristín segja frá.

Hornafjarðarsöfn, Náttúrustofa Suðausturlands og Þekkingarsetrið Nýheimar sóttu um hjá Innviðasjóði RANNÍS um tækjakaup en fengu ekki styrk. Fengu þó jákvæða umsögn um umsóknina en hefðu viljað sjá beina hugmynd um rannsóknarverkefni.

Umsókn NÁTTSA, FAS og Vatnajökulsþjóðgarðs um CLIMATE hjá NPA (samanber fundargerð frá XX stjórnarfundi NÞ) var hafnað en opinн gluggi fyrir að sækja um aftur í haust og vilji fyrir því að fá Þekkingarsetrið Nýheima aftur inn í umsóknarferlið. Verður kynnt þegar þar að kemur.



Vinnu- og hugmyndafundur stjórnar Þekkingarsetursins Nýheima að hausti

Rætt um að setja niður dagsetningu fyrir vinnufund stjórnar Þekkingarsetursins Nýheima.

9. september ákveðinn.

Davíð boðar fundinn og biður Völu að taka frá Fundarhúsið í Lóni.

Það kom upp umræða um að færa stjórnarfundi Nþ yfir annan vikudag. Ákveðið að hafa fundina áfram á miðvikudögum, en **stjórnarfundir hefjast framvegis kl. 8.15 og verða búnir kl. 9.45.** Næsti stjórnarfundur eftir sumarfrí verður miðvikudaginn 12. ágúst.

Staða verkefnahópa

Hljóð og mynd í Nýheimum: Villi og Þorri hafa verið að skoða og vinnan heldur áfram.

Nýheimaverkefni: Verið að vinna í verklagi og ramma. Davíð hefur aðallega haldið utan um og leitað til Fanneyjar. Ætlar að kynna á vinnufundi í haust og fá umræðu þar.

Jöklaleið: Helga lagði til að halda áfram samtali milli stofnana og SVH um verkefnið og framtíðarsýn þess.

Davíð boðar Helgu og Árdísí atvinnu- og ferðamálafulltrúa á fund.

Sumarfrí

Skráð niður. Davíð mun láta húsverði fá blað um sumarfrí og hengja upp í húsinu.

„Attavilltur í Nýheimum“, upplýsingar og merkingar í húsinu.

Fanney lagði til að setja upp merkingar þegar gengið inn á Frumkvöðlaganginn og Háskólaganginn.

Rætt um að setja upp filmur eins og eru við bókasafnið um menningarverðlaunahafana. Það samþykkt og Davíð fer í þetta núna í júní.

Einnig rætt um að samræma merkingar á hurðum. Villi lagði til að hafa vinnudag í FAB LAB-i og hver og einn myndi gera merkingu fyrir sína hurð.

Davíð ætlar að skoða aðrar merkingar á húsinu og koma með tillögur að því.

Niðurstöður fundar Málefnahóps kaffistofunnar. Davíð og Ragnhildur segja frá.

Búið að setja niður áætlun.

Önnur mál

Davíð verður lítið við næstu vikuna vegna flutninga.

Nína er búin að segja upp störfum, hættir 1. október.

Zophonías situr síðasta stjórnarfund PN og þakkar fyrir samstarfið.



Vala minnti á 19. júní og bað fundarmenn um að bera út boðskapinn og hvetja fólk til þátttöku í
hátíðahöldunum.

Finnur Þór Guðnason

þóra A